

**Ed.**

**344. Frumvarp til laga**

**[235. mál]**

um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

1. málsg. 9. gr. orðist svo:

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspeki-deild, verkfræðideild, viðskiptadeild, tannlæknadeild, félagsvísindadeild og raunvísinda-deild.

2. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessors-embætti skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

3. gr.

2. málsg. 18. gr. orðist svo:

Rektor á rétt á að vera leystur að fullu undan stöðu sinni sem prófessor meðan hann gegnir rektorsembættinu. Rektor gerir að fenginni umsögn deildar tillögu til menntamálaráðherra um hvern setja skuli í stöðuna.

4. gr.

19. gr. orðist svo:

Rektor getur með samþykki deildarforseta veitt kennurum leyfi í bili frá störfum, allt að fjórum vikum, svo og tilflutning á skyldustörfum innan háskólaársins. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki rektors að fenginni umsögn háskóladeildar, að veita kennara leyfi frá störfum að hluta eða að öllu leyti um tiltekinn tíma. Kennari sá, er sækir um leyfi í eitt ár eða skemur, getur tilnefnt kennara í sinn stað með samþykki háskóladeildar í þeim tilvikum þegar leyfið í heild varir eigi lengri tíma en eitt ár. Vari leyfi lengur en eitt ár skal háskóladeild taka afstöðu til þess hvernig með stöðuna skuli fara og gera um það tillögu til ráðherra.

5. gr.

Á eftir 1. mgr. 36. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar er hljóði svo:

Háskólanum er heimilt að stofna þróunarmiðstöð. Þróunarmiðstöðin heyri undir háskólaráð og verði allar meiri háttar ákvarðanir hennar háðar samþykki þess.

Háskólanum skal heimilt með samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra að eiga aðild að sameignarfélögum, hlutafélögum og sjálfseignarstofnunum sem stunda rannsókn- og þróunarstarfsemi eða framleiðslu og sölu tengda slíkri starfsemi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Deildaskipting sú, sem kveðið er á um í 1. gr., skal koma til framkvæmda frá 15. september 1985 að telja.